

✉ Re: FS: Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 ósk um umsögn

Búið til	6.5.2022 15:53:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.5.2022 15:53:13
Tilheyrir	 202204-0024 - Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 ósk um umsögn

Efni

Re: FS: Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 ósk um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.5.2022 15:53:13	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@reykjanesbaer.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagstillöguna.

Með kveðju og góða helgi,

Tilvísun í mál nr. 202204-0024 (SS, LA).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, dags. 20. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og meðfylgjandi umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögnin sem fylgja tillögunni og samanstanda þau af greinargerð og umhverfismatsskýrslu, sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram flest það sem fjalla þarf um við endurskoðun aðalskipulags.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í kafla 2 um náttúruauðlindir eru jarðminjar og landslagsheildir innan sveitarfélagsins sem hafa verndargildi á heimsmaelikvarða, einkum á eldvirka svæði Reykjanesskagans. Tilnefning svæðis á náttúruverndaráætlun 2004-2008 ber þess vitni, en ekki hefur orðið að friðlýsingu á svæðinu eins og til stóð. Þar fer fram mikil nýting á jarðhita og ýmis afleidd starfsemi tengt jarðhitanýtingunni og áform um aukningu á slíku. Það er áskorun að stefna að verndun mikilvægra náttúruminja samhliða síaukinni nýtingu og þarf að huga mjög varlega að því hvernig og hversu mikið verndargildi svæðisins í heild rýrist við það rask og þá ásýndarbreytingu sem verður vegna athafna tengt orkuvinnslu og afleiddri starfsemi. Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að sveitarfélagið marki sér skýra stefnu um verndun jarðminja og landslags á Reykjanesskaga sem fellur innan marka sveitarfélagsins og beiti til þess viðurkenndum náttúruverndaraðferðum svo sem friðlýsingum, hverfisvernd o.fl. Í umfjöllun um iðnaðarsvæði er fjallað um óvissu varðandi mögulega framtíðarnýtingu og staðsetningu orkuvinnslu t.d. innan svæða I6 og I9. Mjög mikilvægt er að stefna um verndun verðmætra náttúruminja á þessum svæðum liggja fyrir áður en leyfi eru veitt fyrir nýjum orkuvinnslusvæðum enda stórt svæði sem liggur undir sem allt er innan svæðis sem metið er með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt tvö svæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrár sem eru að öllu leyti eða hluta til innan marka sveitarfélagsins. Þetta eru:

- Öngulbrjótsnef norðan við Reykjanestá, sem er tilnefnt vegna fjöruvistgerða.
- Kalmanstjörn-Garðskagi, syðsti hluti, sem er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fuglalífs.

Þessi tvö svæði eru að stærstum hluta undir hverfisvernd í gildandi aðalskipulagi og stefnt að því að þau verði það áfram að mestu leyti fyrir utan svæði næst þéttbýlinu í Höfnum. Jákvætt er að bætt verði við umfjöllun um svæðin í aðalskipulagið eins og fram kemur á bls. 15 í greinar gerð en Náttúrufræðistofnun hvetur sveitarfélagið til að huga að styrkingu verndar með því að skoða friðlýsingarkosti en um afar verðmæt lífríkissvæði er að ræða sem nauðsynlegt er að vernda til framtíðar.

Jákvætt er að stefnt sé að vistheimt á svæðum þar sem langvarandi gróðureyðing hefur átt sér stað og að stefnt verði að notkun innlendra plöntutegunda við uppgræðslu.

Náttúrufræðistofnun hefur nýlega veitt umsagnir um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar fiskeldis við Kalmanstjörn en í aðalskipulagstillögunni er stefnt að stækkun athafnasvæðis AT13 vegna þessara áforma um aukið fiskeldi. Bent er á umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrsluna sem nýlega var send til Skipulagsstofnunar.

Stefnt er að mikilli aukningu á byggingarmagni innan skilgreinds iðnaðarsvæðis (I5) á Reykjanesi. Stefnt er að því að viðhalda lítt- eða ósnortnu hrauni að mestu og að uppbygging dreifist ekki út fyrir skilgreint iðnaðarsvæði. Þá á að taka tillit til sérstöðu lífríkis við Gunnuhver og Reykjanesvits. Mjög mikilvægt er að þessu sé fylgt eftir að mati Náttúrufræðistofnunar og að áhrif á jarðminjar og lífríki séu vöktuð. Bent er aftur á að svæðið er innan náttúruminjaskrár og með hátt verndargildi. Benda má á umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu deiliskipulags iðnaðarsvæðisins frá því í júlí 2021: https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/endurskodun_deiliskipulags_orkuvinnslu_og_idnadar_a_reykjanesi._kynning_a_tillogu_i_vinnslu.pdf (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/endurskodun_deiliskipulags_orkuvinnslu_og_idnadar_a_reykjanesi._kynning_a_tillogu_i_vinnslu.pdf)

Stefnt er að stækkun iðnaðarsvæðis við Stóru Sandvík (I9) og veita á leyfi fyrir nýjar byggingar tengt orkuvinnslu. Líkt og með I5 er svæðið innan náttúruminjaskrár en er að mestu óraskað og ljóst að hætta sé á að jarðminjar og landslag með hátt verndargildi verði fyrir raski.

Jákvætt er að miðsvæði við Fitjar (M4) sé minnkað og gert ráð fyrir opnu svæði í staðinn. Það er jákvætt fyrir lífríki svæðisins.

Stefnt er að frístundabyggð norðan Hafnarbergs sem vekur nokkra athygli því þar er engin byggð í dag, einungis fornminjar. Frístundabyggð á þessum stað mun breyta ásýnd svæðisins mikið og verður hún staðsett innan svæðis á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun telur að huga þurfi mjög vandlega að áhrifum þess að reisa frístundabyggð með 30 lóðum og í það minnsta þurfi að setja skilmála um að byggðin verði að falla vel að landslagi og umhverfi svæðisins og taka tillit til náttúru- og menningarminja.

Seltjörn er á gildandi náttúruminjaskrá. Stefnt er að því að auka hlutverk svæðisins sem útivistarsvæði – AF5. Á svæðinu verður m.a. heimilt að hafa tjaldsvæði og reisa mannvirki í tengslum við þjónustu þess og fyrrgreinda íþróttastarfsemi. Meta þarf áhrif áforma um aukna uppbyggingu á verndargildi með tilliti til t.d. fuglalífs

Þá er stefnt að nýju afþreyingar- og ferðamannasvæði við Stóru Sandvík m.a. með ylströnd og tilheyrandi mannvirkjum. Svæðið er í dag að mestu óraskað þó það sé nokkuð vinsæll viðkomustaður ferðafólks. Huga þarf vandlega að áhrifum uppbyggingar á ásýnd svæðisins, verndargildi jarðminja og lífríkis fjörusvæða sem og Sandvíkurtjarnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Akureyri - NI" <nia@ni.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: FS: Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 ósk um umsögn

Date: 20.4.2022 11:16:44

Frá: Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

Sent: miðvikudagur, 20. apríl 2022 09:54

Til: Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

Efni: Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 ósk um umsögn

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2021 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021

